

Fyrstu ár endurskoðunar og menntamálin

Efni tekið saman af Sigurði Tómassyni

Birt í Afmælisriti FLE, júlí, 1995

Saga félagsins og saga endurskoðunar á Íslandi eru samtvinnaðar því mjög fá ár líða frá því endurskoðun festir sig í sessi sem starfsgrein hér á landi og þar til Félag löggiltra endurskoðenda var stofnað. Saga fyrstu áráanna hefur í stærstum atriðum verið sögð af einum af stofnendum félagsins og fyrsta formanni þess. Á hátíðarfundum 16 júlí 1960 í tilefni 25 ára afmælis félagsins flutti Björn E. Árnason ræðu þar sem hann rakti aðdraganda að störfum endurskoðenda hér á landi og fyrstu árin á þeim vettvangi, löggjöf um löggilta endurskoðendur, menntunarmál endurskoðenda og baráttumál félagsins fyrstu ár þess. Ræða sú sem Björn flutti hefur varðveist og fer best á því að birta hér í fullri lengd þann hluta ræðunnar sem snerti beint þessi atriði:

Árið 1872 er gefin út tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og þegar gefin hafa verið þar fyrir mæli um reikningshald og reikningsskil hreppsnefndarinnar er ákveðið í 20 gr. nefndrar tilskipunar, að hreppsnefndin öll skuli rannsaka reikninginn, eða kjósa mann til að endurskoða hann. Sama ár er gefin út samþykkt um bæjarmálefni Reykjavíkur og þar einnig ákveðið um endurskoðun bæjarreikninganna.

Þetta eru elstu ákvæði, sem ég hefi í fljótu bragði fundið um endurskoðun hér á landi og gilda þau í stórum dráttum enn hér á landi auk þess, sem við má bæta að sýslureikningar eru og endurskoðaðir.

Í stjórnarskránni frá 1874 er ákveðið að hvor þingdeild kjósi yfirskoðunarmann og gagnskoði hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæti þess, að tekjur landsins skuli allar taldar og ekkert útgaldið án heimildar. Þessi skipan helst ennþá þannig breytt að nú kys sameinað alþingi 3 menn til þessara starfa, sem enn nefnast yfirskoðunarmenn. Ekki er sjáanlegt að neinnar sérþekkingar á reikningsfærslu hafi verið krafist til að hljóta kosningu til þessara starfa hjá hinu opinbera og helst svo enn.

Reikningsskil opinberra embættismanna og þá fyrst og fremst sýslumanna hafa efalaust verið endurskoðuð eða yfirfarin á landfógetaskrifstofunni, en árið 1878 sést að þangað er ráðinn sérstakur aðstoðarmaður í endurskoðun reikninga landsins. Maður þessi var Indriði skáld og rithöfundur Einarsson, sem jafnan var síðan nefndur Indriði revisor. Hafði hann fyrstur Íslendinga lokið hagfræðiprófi frá Kaupmannahafnarháskóla í janúar 1877, og er ekkert efamál, að hann hefur haft meiri þekkingu til að bera með meðferð talna og reikningsskila en menn almennt hér á landi á þeim tíma, vegna náms síns.

Þegar landshöfðingja- og landfógetaembættin voru lögð niður 1904 og stjórnarráðið stofnað, fluttist Indriði þangað í fjármáladeild og endurskoðun reikninga landsins með honum. Skrifstofustjóri í fjármáladeildinni eða fjármálaráðuneytinu varð Indriði 1909 og gegndi því starfi til 1918 er hann fékk lausn frá embætti. Ekki er mér kunnugt um, hvort Indriði Einarsson hefir haft með höndum aðra endurskoðun en hér greinir, en það er skoðun mín að vel megi telja hann föður endurskoðunarinnar hér á landi. Síðan hefir endurskoðun opinberra reikningsskila verið framkvæmd af sérstakri deild sem tengd er fjármálaráðuneytinu, þó undir sérstakri stjórn ákveðins manns - aðalendurskoðanda ríkisins -

sem stendur beint undir ráðherra. Í þessari deild fer fram öll hin svonefnda umboðslega endurskoðun ríkisins, sem er með öllu óháð þeirri endurskoðun, sem yfirskoðunarmenn, kosnir af alþingi, framkvæma. Deild þessari hafa tveir löggiltir endurskoðendur veitt forstöðu en aðalendurskoðandi ríkisins nú er lögfræðingur. Undir hans stjórn starfa þar nú ásamt mörgum öðrum mönnum tveir löggiltir endurskoðendur.

Rétt er að geta þess hér, að hjá Reykjavíkurborg er nú starfandi sérstök endurskoðunardeild. Formaður þeirrar deildar er einnig lögfræðingur, en ekki er vitað að þar starfi neinn löggiltur endurskoðandi.

Þó að svo hafi háttað til um endurskoðun á vegum hins opinbera á þessum tíma, sem nú er greint, er mér ekki kunnugt um að nein hliðstæða hafi þá átt sér stað, að því er einstaklingsrekstur snertir. Mun svo hafa verið allt fram um árið 1910, en um það leyti mun Pétur Þ.H. Gunnarsson hafa byrjað á því að aðstoða nokkur fyrirtæki hér í bæ við reikningagerð, setning bókhaldskerfa og jafnvel endurskoðun og hafa jafnan haldið þeim störfum áfram uns hann lést árið 1955, og þó hann hefði jafnframt með höndum önnur störf samtímis, bæði smásöluverslun og heildverslun - sem nú á tímum myndu varla teljast samrýmanleg endurskoðunarstörfum - hygg ég að endurskoðunarstörf hans hafi eftir 1910 verið drjúgur þáttur í störfum hans.

Ekki er mér kunnugt um að hér hafi um þessar mundir aðrir haft endurskoðunarstörf með höndum. Hélt þetta svo til ársins 1919, en það ár verða algjör þáttaskil hér í þessum málum. Þá kemur hingað til lands - að tilhlutan eins af okkar stærstu og ágætustu innflutningsfyrirtækjum - lærður danskur endurskoðandi að nafni Jakobsen, hingað sendur af danska endurskoðendafirmanu Centralanstalten for Revision og Drifts Organisaton. Dvaldist hann hér allmikið lengur en í upphafi mun hafa verið ráð fyrir gert, þar sem hann sá að hér voru margvísleg verkefni að vinna.

Fyrstu lög um löggilta endurskoðendur

Fyrstu lögin um löggilta endurskoðendur voru sett á árinu 1926, nánar tiltekið lög nr. 9 frá 15. júní það ár og á næsta ári (1996) eru þannig 70 ár frá því fyrst voru sett lög um endurskoðendur. Ný lögum löggilta endurskoðendur voru nr. 89 frá 29. desember 1953. Núgildandi lög eru hins vegar nr. 67 frá 31. maí 1976 og eru þau lög þriðji lagabálkurinn sem í gildi hefur verið um löggilta endurskoðendur. Til gamans og fróðleiks fer hér á eftir orðréttur texti laga nr. 9 frá 15. júní 1926.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 9/1926.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrðu þau, er getur í 1. gr.: 1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. 2. Hann skal sanna fyrir

ráðuneytinu, eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiptum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, sem ráðherra setur. 3. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi missir fjárforræði sitt, eða mannorð hans flekkast, þá hefir hann fyrirgert löggildingunni. En ef hann fær aftur umráð yfir fé sínu, skal hann mega fá aftur löggildinguna sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóði, félög eða einstakir menn löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal að jafnaði hafa til þeirrar skoðunar löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir beztu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið tiltekur nánar verksemi löggiltra endurskoðenda og sker úr, ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska enda verða þá slík mál ekki borin undir dómstólana.

Við heimkomu hans ákvað svo hið danska firma að stofna hér útibú og var þá sendur hingað annar lærdur endurskoðandi til að veita því forstöðu. Munu margir og efalaust allir í endurskoðunarstétt kannast við þann mann, annað hvort fyrir persónuleg kynni eða af afspurn, en maður þessi var Niels Manscher, sem hér dvaldi frá 1921 til 1937 fyrst sem forstjóri nefnds útibús, en síðar sem sjálfstæður atvinnuendurskoðandi ýmist í félagi við annan eða einn.

Tel ég mig ekki of mæla þó ég segi, að áhrif frá störfum þess manns gæti enn í endurskoðendastéttinni hér, bæði beinna áhrifa hjá þeim, sem með honum unnu og óbeinum hjá þeim, sem notið hafa síðan leiðbeininga þeirra endurskoðenda sem með eða hjá Niels Manscher unnu. Ísland kunni að meta starf það er hann innti hér af hendi og sæmdi hann riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu. Niels Manscher er nú látinn og var hann 63 ára er hann andaðist.

Þannig líður svo tíminn og smátt og smátt fjölgar þeim mönnum innlendum, sem taka að stunda endurskoðunarstörf einvörðungu. Það er þó ekki fyrr en árið 1926 að hið opinbera fer beinlínis að hafa afskipti af þessum málefnum, en það ár hinn 15. júní eru hér fyrst sett

lög um löggildingu endurskoðenda. Með þeim lögum er ráðherra heimilað að löggilda menn sem endurskoðendur er þeir hafa sannað fyrir atvinnumálaráðuneytinu eða nefnd er það skipar, að þeir hafi þá þekkingu á viðskiptum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð er ráðherra setur.

Nokkuð dróst að slík reglugerð yrði sett, en hinn 21. desember 1928 skipaði atvinnumálaráðuneytið þriggja manna prófnefnd skv. lögum frá 1926, og var síðan á árinu 1929 gefin út reglugerð sú um þekkingarskilyrðin o.fl. sem ráðgerð var í nefndum lögum. Skv. 3. gr. þeirrar reglugerðar öðluðust allir prófnefndarmenn löggildingu við setningu reglugerðarinnar án prófs. Seint á árinu 1934 löggilti ráðherra síðan þrjá reynda endurskoðendur hér í bæ án prófs, en tveir höfðu lokið prófi og öðlast löggildingu frá 1929 til 1934.

Auk þessa hefir ráðuneytið löggilt án prófs 3 menn til staðbundinna starfa úti á landi á vissum afmörkuðum svæðum. Skal þess getið hér að slík staðbundin löggilding hefur verið okkur löggiltum endurskoðendur lítt skiljanleg, þar sem örökrétt virðist vera, að sami maður geti t.d. starfað sem löggiltur endurskoðandi í Vestmannaeyjum en ekki í Keflavík eða Hafnarfirði svo dæmi séu nefnd.

Þegar löggiltir endurskoðendur voru orðnir átta var tekið til athugunar, hvort ekki væri rétt að stofna til félagsskapar til gæslu og þróunar sameiginlegra hagsmuna og áhugamála. Var félagsstofnun samþykkt einhuga og er stofnfundargerðin dagsett í dag fyrir 25 árum eða 16 júlí 1935. - Af 8 stofnendum eru nú 3 látnir. Hinir allir eru enn fullstarfandi endurskoðendur.

Mjög fljótt eftir stofnun félags okkar tókust skipti milli okkar og annarra hliðstæðra félaga á Norðurlöndum og þá sérstaklega í Danmörku og 1939 gerðist þetta félag formlegur þátttakandi í endurskoðendasamtökum Norðurlanda (Det Nordiske Revisor Sekretariat).

Fljótt komu upp raddir um það, að lögin um löggildingu endurskoðenda og reglugerðin þættu ófullkomin sérstaklega með tilliti til bóklegar menntunar endurskoðendanna, enda var það og svo, að megináhersla við próf til löggildingar var lögð á hinn verklega hluta prófsins, þar sem gengið skyldi úr skugga um getu próftakenda til úrlausnar verkefna, sem ráðgera mátti að kæmu fyrir í hinu praktíska lífi. Árið 1937 var gerð tilraun til að fá lögnum breytt og þá sérstaklega í þá átt að nánar yrði ákveðið um réttindi og skyldur endurskoðendanna og stuðningur fengist frá opinberri hendi til aukinnar menntunar þeirra, sem próf vildu þreyta. Þessi tilraun mistókst. Félagið hélt þá menntunarspursmálinu vakandi, en það er þó ekki fyrr en á árinu 1944 sem byrjað er að ræða það mál við Háskóla Íslands eða þáverandi deildarforseta viðskiptadeildar Háskólans, Gylfa Þ. Gíslason, núverandi ráðherra. Tók hann málaleitan okkar vel eins og hans var von og vísa.

Héldu umræður um mál þetta áfram og lauk þannig að Félag löggiltra endurskoðenda efndi til námskeiðs 1947 í bóklegum fræðum sem snertu endurskoðun. Var námskeiðið haldið af Háskóla Íslands, skipt á 2 ár, 7 - 8 mánuði alls. Stóð Gylfi Þ. Gíslason fyrir námskeiðinu en Félag löggiltra endurskoðenda tók ábyrgð á greiðslu kostnaðarins. Engin aðstoð fékkst frá hinu opinbera við námskeið þetta. Námskeiðið þótti gefa svo góða raun, að enn var hert sókn til að fá lögum og reglugerð um löggildingu endurskoðenda breytt. Báru tilraunir félagsins í þessa átt loks þann árangur, að sett voru ný lög um löggilta endurskoðendur 29. des. 1953 og útgefin reglugerð skv. þeim lögum 30. des. 1953. Gilda þau lög enn. Vannst ýmislegt með setningu hinna nýju laga og reglugerðar sem ekki verðu rakið hér, en þó

sérstaklega það, að nákvæmlega voru skilgreindar þær fræðigreinar er væntanlegur próftakandi skyldi kunna til bóklegs prófs og að ráðherra var heimilað að efna til námskeiða á hæfilegum fresti fyrir þá, sem þreyta vildu próf til löggildingar. Með setningu þessara laga tel ég að ríkið hafi tekið að sér fræðslu endurskoðendaefna í framtíðinni í hinum bóklegu fræðum enda hefir hið opinbera tvisvar efnt til námskeiða við Háskólann síðan lög þessi voru sett, þótt atvinnumálaráðuneytið hafi falið prófnefnd framkvæmd námskeiðanna fyrir sína hönd. Prófessor Ármann Snævarr hefir veitt námskeiðum þessum forstöðu. Hefir félagið þannig komið í framkvæmd því áhugamáli sínu, að vel er séð fyrir menntun endurskoðendaefna í framtíðinni, hvað bóklega hluta prófsins snertir.

Eins og fram kemur í þessu ágripi eru það fyrst og fremst þau mál sem snerta menntunar- og réttindamál endurskoðenda sem setja mark sitt félagsstarfið. Fyrir afmælisárið 1960 höfðu 34 menn hlotið löggildingu sem endurskoðendur og á afmælisárinu fengu 10 menn til viðbótar löggildinguna og höfðu þannig 44 frá upphafi orðið löggiltir endurskoðendur hérlandis. En þó góðum áföngum hafi verið náð á þessum árum var áfram unnið að þessum málum og það markmið ávallt haft í huga að hafa menntun endurskoðenda sem besta. En um kennsluefni og hvernig áframhald menntunarmála varð eftir 1960 skal hér vísað til erindis sem Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi og dósent við Háskóla Íslands, flutti á 50 ára afmælishátíð félagsins árið 1985. Í erindi sínu sagði Stefán m.a.:

"Af lestri fundargerðabókar prófnefndar löggiltra endurskoðenda, en í þá merku bók var fyrst ritað 26. febrúar 1929, er mér ljóst að það hafi verið kappsmál nefndarinnar strax í upphafi að stuðla að eins góðri menntun fyrir verðandi endurskoðendur og kostur var. Mér virðist mega skipta þróun menntunarmála endurskoðenda í þrjú tímabil.

Á fyrsta tímabilinu, sem stóð frá 1926 til 1947 var þó hvorki boðið upp á formlega menntun af hálfu prófnefndarinnar né annarra og urðu menn því sjálfir að ákveða hvernig undirbúningi skyldi háttað. Á þessu tímabili þurftu prófmenn, á grundvelli þágildandi laga, að standast bæði verklegt próf og þurftu menn að standast það til að fá að gangast undir bóklega prófið. Verklega prófið fór þannig fram, að prófmenn skyldu senda til prófnefndar eitt, stundum tvö verkefni, sem þeir höfðu leyst án aðstoðar annarra. Þá lagði prófnefndin fyrir prófmenn tvö, eða þrjú verkefni, sem þeir áttu að leysa á viðunandi hátt. Oftast mun prófnefndin auk þess hafa kallað menn fyrir til munnlegrar yfirheyrslu um verklegu prófin. Það er eftirtektarvert í þessu sambandi, að ekki virðist hafa verið prófað í endurskoðun, þrátt fyrir fyrirmæli laga. Það kann þó að hafa verið gert í munnlegum prófum, en þess er ekki getið í fundargerðum.

Eins og ég sagði áðan var bóklega prófið tekið þegar menn höfðu leyst verklega prófið á fullnægjandi hátt að mati prófnefndar. Það var bæði munnlegt og skriflegt og prófað var í:

1. almennri viðskiptafræði
2. verslunarrétti
3. og verslunarreikningi

Í reglugerð um prófin var ekki að finna ítarlega lýsingu á því hvað fólst í þessum greinum. Um almenna viðskiptafræði var þó tekið fram, að umsækjendur skyldu m.a. þekkja

í höfuðatriðum til upphafs og þróunar verslunar og réttinda og skyldna verslunarstéttarinnar. Þessar kröfur koma nú nokkuð spánskt fyrir sjónir og heldur þykir mér rýr skilgreiningin á viðskiptafræði."

Eins og fram kemur í ræðu Björns E. Árnasonar hér á undan voru námskeið til undirbúnings að löggildingu færð inn í Háskóla Íslands árið 1947 og hefst þá annað tímabilið í sögu menntunarmála endurskoðenda sem stóð frá 1947 til 1976. Um þetta tímabil segir í erindi Stefáns Svavarssonar:

"Sá góði árangur, sem fékkst af fyrsta námskeiðshaldinu varð m.a. til þess, að ný lög voru samþykkt á Alþingi 1953 um löggilta endurskoðendur. Með þessum lögum og þeirri reglugerð sem sett var um framkvæmd prófanna, fékkst mun meiri festa í menntunarmál endurskoðenda en áður var. Nú skyldi prófmaður gangast undir bókleg próf í sjö greinum og standast, áður en verkleg próf skyldu tekin. Til undirbúnings í endurskoðun, skattskilum, reikningshaldi, þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði, viðskiptareikningi, tölfræði og lögfræði. Þetta námskeiðahald tók þrjú ár og voru námskeiðin haldin á haustin. Til kennslu í þessum námskeiðum voru yfirleitt fengnir kennarar úr viðskipta- og lagadeildum Háskólans en endurskoðendur kenndu skattskil og endurskoðun. Segja má, að þessi tengsl við Háskólann hafi orðið því til framdráttar, sem síðar varð, að allt bóklegt nám til löggildingar í endurskoðun færðist inn í Háskólann".

En þó námið væri komið inn í Háskóla Íslands þá var hér áfangasigur sem færði menntamálin nær því að koma öllum bóklega hluta námsins inn í viðskiptadeild Háskóla Íslands. Þessum áfanga er náð árið 1976 þegar sett voru ný lög um löggilta endurskoðendur, lög nr. 63 frá 31. maí 1976. Þau lög eru enn í gildi með nokkrum breytingum. Hið 3ja tímabil í menntunarmálum verðandi endurskoðenda hefst með þessum lögum og við þetta kerfi búum við enn. Um þessa breytingu og tímabilið fram til 1985 segir í erindi Stefáns Svavarssonar:

"Segja má, að þegar bóklegt nám í endurskoðun fór inn fyrir dyr Háskólans hafi námsvistarkerfið verið aflagt. Og það var vonum seinna. Nám í endurskoðun hafði um langt árabil farið fram á háskólastigi erlendis, sums staðar frá því um aldamót. eins og bent var á áðan, þá höfðu endurskoðendur frumkvæði að þessari breytingu. Skýringanna á því tel ég sumpart vera þá, að endurskoðendur höfðu áunnið sér þann sess í íslensku viðskiptalífi, að sífell jukust þær kröfur, sem til þeirra voru gerðar. Og þeir gerðu sér grein fyrir að auka þurfti menntun endurskoðenda."

"Í núgildandi lögum um löggilta endurskoðendur kemur fram, að til þess að hljóta löggildingu þurfi menn að hafa lokið námi af svokölluðu endurskoðunarsviði innan viðskiptadeildar Háskólans. Jafnframt þurfa menn að hafa unnið við alhliða endurskoðunarstörf undir stjórn löggilts endurskoðanda í a.m.k. þrjú ár. Af þessu er ljóst, að löggjafinn hefur talið hvort tveggja, bóklegt nám í háskóla og reynslu á stofu, nauðsynlegan undirbúning fyrir lokapróf. Náms tími er fjögur ár. Fyrstu tvö árin eru sameiginleg öllum nemendum viðskiptadeildar, en á þriðja ári skiptist deildin í tvo kjarna, þjóðhagskjarna og fyrirtækjakjarna. Þriðja árið er sameiginlegt þeim, sem velja fyrirtækjakjarna en á fjórða ári velja nemendur sér kjörsvið, og eitt þeirra kjörsviða, sem deildin býður upp á, er endurskoðunarkjörsvið. Ég tel, að þetta nám standist alveg samanburð við nám í endurskoðun við erlenda háskóla.

Kappkostað er að gera námið eins hagnýtt og kostur er. En á hitt er lögð engu minni áhersla að kynna fyrir nemendum það sem gerist meðal annarra þjóða í þessum efnum og þær hugmyndir, sem uppi eru meðal fræðimanna hverju sinni, þótt ekki hafi þær allar komist í framkvæmd. Með þessum hætti tel ég mun líklegra en annars, að nemendur flytji með sér út í atvinulífið þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér úr þeim fræðibókum og öðru efni, sem þeim var ætlað að kunna skil á.

Markmið deildarinnar hefur frá upphafi verið, að nemendur hafi ekki einvörðungu tileinkað sér færni í að leysa úr þeim vandamálum, sem vitað er að koma á borð þeirra, heldur hafi þeim skilist að aukin fræðileg þekking á faginu auðveldi þeim að leysa þau vandamál, sem framtíðin hlýtur óhjákvæmilega að bera í skauti sínu. Það hlýtur að vera skoðun allra þeirra, sem hér eru að nauðsynlegt sé, að til sé í landinu stétt manna, sem getur gefið hlutlaust álit á reikningsskilum fyrirtækja og stofnana. Til þess að standa við þessi fyrirmæli Alþingis, en vitnað var til laga um löggilta endurskoðendur, verður stéttin hafa tiltrú og njóta trausts þeirra sem til hennar leita og raunar þjóðfélagsins yfirleitt. Meiri menntun stuðlar að því, að svo megi vera."

Hér að framan hefur verið vitnað til erindis sem flutt var fyrir 10 árum - árið 1985. Árin síðan hafa staðfest nám verðandi endurskoðenda í þjóðfélagi okkar er í þeim besta farvegi sem við eigum og enginn sér, á þessum tíma, breytingar á þessu fyrirkomulagi. En þó þannig hafi verið séð vel fyrir menntun verðandi endurskoðenda er ekki síður mikilvægt að vera vakandi fyrir framhaldsmenntun og símenntun starfandi löggiltra endurskoðenda. Einn tilgangur með Félagi löggiltra endurskoðenda og sá sem fyrstur er talinn, er "að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna", eins og segir í samþykktum félagsins. Í þeim anda hefur félagið starfað og þungamiðja starfsins verið kynningarfundir, ráðstefnur og námskeið. Fljótlega eftir núgildandi lög um löggilta endurskoðendur voru samþykkt árið 1976 var athugað hvaða leið skyldi farin til að koma á föstu skipulagi á endurmenntunarmál starfandi endurskoðenda. Var ennfremur sett á laggirnar sérstök endurmenntunarnefnd sem frá árinu 1982 hefur verið ein af fastanefndum félagsins og nefnist nú Menntunarnefnd. Það er hlutverk nefndarinnar að fylgjast með menntun og endurmenntun á starfssviði endurskoðenda og hlutast til um framkvæmd á því sviði í samráði við stjórn félagsins. Og tvær aðrar fastanefndir félagsins hafa það hlutverk að fylgjast með þróun annars vegar endurskoðunar og hins vegar reikningsskila og vinna að samræmingu á störfum félagsmanna á þessum sviðum. Og frá árinu 1993 hefur félagið haft samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um námskeiðahald. Þróttmikið starf félagsins í þessum málum kemur skýrt fram í ársskýrslum félagsins sem lagðar eru fram á aðalfundum þess.

Allt starf þessara nefnda miðar að því að miðla til félagsmanna, með þeim tiltæku ráðum sem hentugast þykir hverju sinni, nýjungum og fróðleik á þeirra starfssviði og stuðla þannig að viðhaldi þeirrar menntunar sem löggiltir endurskoðendur verða að viðhafa í ábyrgðarmiklu starfi þeirra í þjóðfélaginu.